

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B111-114

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 111-114

Nr. 748-759

2004

Efnisyfirlit B 111-114 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
748	8. sept.	Auglýsing vegna riðu í Árnessýslu	1877-1878
749	13. sept.	Gjaldskrá Grundartangahafnar vegna hafnarverndar	1879
750	13. sept.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Hafnarsel, Leirár- og Melahreppi	1879-1880
751	13. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005	1880
752	8. sept.	Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Húnaþingi vestra	1881-1887
753	7. sept.	Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði	1887
754	27. ágúst	Gjaldskrá fyrir Þorlákshöfn árið 2004	1888-1892
755	30. ágúst	Reglur um nám í mjólkuriðn	1893-1894
756	9. sept.	Auglýsing um deiliskipulag landspildunnar Eyvindaholt 1, Alftanesi	1894
757	9. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Austurveg í Hrísey	1894
758	15. sept.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	1895
759	14. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1896

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2004

8. september 2004

1877

Nr. 748

AUGLÝSING

vegna riðu í Árnessýslu.

1. gr.

Með vísan til reglugerðar nr. 726 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar er athygli vakin á eftirfarandi skilgreiningum og svæðum:

Sýkt svæði: landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

Áhættusvæði: landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

Ósýkt svæði: landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur ekki fundist sl. 20 ár.

Sýkt svæði í Árnessýslu eru: Ölfus, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð að undanskildum Laugardal og Þingvallasveit.

Áhættusvæði í Árnessýslu eru: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að undanskildum Biskupstungum.

2. gr.

Af sýktu svæði og innan þess er óheimilt að flytja sauðfé og geitfé til lífs milli hjarða.

3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálmi og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálmi og þökum af túnnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- a. Hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúshverfum í Árnessýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúshverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Sameiginlegar hrútasýningar eða aðrar sýningar sauðfjár og geitfjár, þar sem fé af fleiri en einum bæ er safnað saman, eru bannaðar innan sýkra svæða. Slíkar sýningar eru heimilar á áhættusvæðum að uppfylltum skilyrðum sem embætti yfirdýralæknis setur í hvert sinn. Sækja skal um leyfi fyrirfram.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 724/2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. september 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2004

13. september 2004

1879

Nr. 749

GJALDSKRÁ

Grundartangahafnar vegna hafnarverndar.

Með vísan til hafnarreglugerðar fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980, sem er í eigu Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps og sýslunefnda Borgarfjarðar- og Mýrasýslna, utan framangreindra hreppa, og á grundvelli laga um siglingavernd frá árinu 2004, samþykkti stjórn Grundartangahafnar á fundi sínum þann 26. ágúst 2004, eftirfarandi gjaldskrá vegna hafnarverndar:

1. Fast gjald pr. skip	kr. 63.910,00
2. Gjald miðað við stærð skipa	5,14 pr. brúttórúmllest
3. Gjald vegna legutíma	0,68 pr. brúttórúmllest og legutímabil

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Akranesi, 13. september 2004.

Gísli Gíslason hafnarstjóri.

13. september 2004

Nr. 750

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Hafnarsel, Leirár- og Melahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. september 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að 7 ha landbúnaðarsvæði norðan Hafnarár, í landi Hafnarsels, breytist í frístundabyggðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Leirár- og Melahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 13. september 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Eftir 1. málslíð 5. mgr. 8. gr. komi tveir nýir málslíðir er orðast svo: Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum, að afla undir tilgreindum stærðum, sbr. 1. málslíð, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskípi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun. Þó er viðtakanda afla heimilt að aðgreina karfa styttri en 33 cm frá öðrum afla í vinnsluhúsi.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. september 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Húnaþingi vestra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim sem nýtur aðstoðar samkvæmt reglum þessum ber að taka hverri þeirri atvinnu sem býðst nema veikindi, örorka, aldur eða aðrar gildar vottfestar ástæður hamli því.

2. gr.

Fjárhagsaðstoð skal veita í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

1. Til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð fyrir sér og sínum, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, og III. kafla reglna þessara.
2. Þar sem önnur löggjöf mælir fyrir um aðgerðir sem hafa í för með sér fjárútgjöld, t.d. ákvæði laga um vernd barna og ungmenna.
3. Með það að markmiði að koma í veg fyrir að einstaklingar eða fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki framfleytt sér.
4. Gefa sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.
5. Sem lið í endurhæfingu og stuðningi til sjálfsbjargar enda ekki í verkahring annarra að veita hana.
6. Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla reglna þessara.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, einnig skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu.

3. gr.

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsmálaráði heimilt að greiða lægri fjárhæð til framfærslu en tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu, eða segir upp vinnu, svo og mánuðinn þar á eftir.

Ef umsækjandi getur ekki framvísað staðfestingu á mætingum til vinnumiðlunar og/eða vottorði án viðunandi skýringa á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð fyrir þann tíma sem um ræðir.

4. gr.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Fjárhagsaðstoð er ýmist í formi lána eða styrkja. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum hans leiðir í ljós að eðlilegt er talið að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna eða framtíðartekna, sbr. 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.

6. gr.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Við útreikning á framfærslukostnaði og ráðstöfunarfé skal að jafnaði tekið mið af tekjum og gjöldum síðustu þriggja mánaða.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð er að jafnaði ekki greidd aftur í tímann. Hafi réttur til fjárhagsaðstoðar verið ótvíræður mánuðinn áður en sótt er um er þó heimilt að greiða fjárhagsaðstoð fjóra mánuði aftur í tímann.

Börn 18 ára og yngri eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð og afgreiðsla mála.

8. gr.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsmálastjóra Húnaþings vestra. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi sbr. 4. gr. reglna þessara.

9. gr.

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu liggja fyrir eftirtalin gögn:

1. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði, undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans. Þar skulu koma fram upplýsingar um m.a. persónulegar aðstæður og erindi umsækjanda, fjölskyldustærð, lögheimili og atvinnu umsækjanda.
2. Yfirlit yfir tekjur og gjöld umsækjanda. Við gerð þess skulu liggja fyrir staðfestingar tekna síðustu þriggja mánaða, s.s. afrit launaseðla, bótaseðla frá Tryggingastofnun ríkisins, greiðsluseðla lífeyrissjóða, sjúkrasjóða stéttarfélaga og atvinnuleysisbóta. Helstu útgjöld, eignir og skuldir.
3. Staðfest afrit af síðasta skattframtali.
4. Stundi umsækjandi sjálfstæðan atvinnurekstur skal vera fyrir hendi, auk skattframtals umsækjanda, rekstrar- og efnahagsreikningur uppfærður til næstu mánaðamóta fyrir umsóknardag og upplýsingar um reiknað endurgjald yfirstandandi árs. Stundi

- umsækjandi búrekstur liggja einnig fyrir greiðslumark búans, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bú síðustu þrjá mánuði.
5. Sé umsækjandi atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskrírteini frá vinnumiðlun er staðfesti atvinnuleysi umsækjanda. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði.
 6. Umsækjanda er skylt að skila inn þeim gögnum sem tiltekin eru hér að ofan. Ekki er unnt að afgreiða umsókn nema tilskilin gögn liggja fyrir.

10. gr.

Félagsmálaráð getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattyfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita félagsmálaráði eða starfsmönnum þess upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt félagsmálaráði og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

11. gr.

Ef umsækjandi á rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu skv. III kafla skal félagsmálastjóri afgreiða málið, skrá það í trúnaðarbók og kynna síðan fyrir félagsmálaráði á næsta fundi.

Samþykktir skulu ekki gerðar nema til 3ja mánaða í senn.

Félagsmálaráð afgreiðir allar umsóknir um fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna skv. IV. kafla, ef töluverðar eignir eru til staðar skv. 18. grein og ef um undanþágu frá þessum reglum er að ræða.

Í neyðartilfellum er heimilt að afgreiða skyndiaðstoð til umsækjanda án þess að fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um fjárhagsstöðu. Skyndiaðstoð er í meginatriðum ætluð til þess að tryggja börnum og unglingum innan fjölskyldu farborða. Aðstoðin skal að hámarki vera 1/5 af grunnframfærslu einstaklings.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.**Mat á fjárbörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

12. gr.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárbörf til framfærslu sbr. 13. gr. lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 17. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

13. gr.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að kr. 81.396 á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð. Við ákvörðun grunnfjárhæðar eru greiðslur almannatrygginga á hverjum tíma hafðar til hliðsjónar, sem nemur samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og sambúðarfólks getur numið allt að kr. 130.234, þ.e. grunnfjárhæð x 1,6. Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

Þegar umsækjandi býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum, sem ætla má að taki

Þátt í framfærslu viðkomandi með beinum eða óbeinum hætti, skal reiknuð framfærsla sem nemur 1/3 af fjárþörf.

14. gr.

Eftirtaldir þættir falla m.a. innan framfærslukostnaðar miðað við mánaðargreiðslur og á útreiknaður framfærslukostnaður að standa undir þessum útgjöldum:

- A. Fæði
- B. Fatnaður
- C. Hreinlætis- og snyrtivörur
- D. Afnotagjald síma og ríkisútvarps
- E. Heimilisbúnaður
- F. Hiti og rafmagn
- G. Lyf og læknishjálp
- H. Húsnæðiskostnaður í leiguhúsnæði miðað við leiguhúsnæði sveitarfélags eða annar eðlilegur húsnæðiskostnaður
- I. Dagvistarkostnaður fyrir eitt barn á leikskólaaldri.

15. gr.

Framfærslugrunnur einstaklinga og fjölskyldna í desembermánuði skal hækka sem nemur sömu tölu og desemberuppbót Tryggingastofnunar ríkisins hverju sinni.

16. gr.

Þegar umsækjandi er undir eða á viðmiðunarmörkum, er heimilt að taka tillit til meðlagsgreiðslna sem umsækjandi hefur greitt reglulega fram að þeim tíma er hann fær fjárhagsaðstoð. Hér er átt við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Slíkar greiðslur skulu þá inntar af hendi beint og milliliðalaust af hálfu starfsmanna stofnunarinnar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

17. gr.

Allar tekjur og bætur umsækjanda og maka/sambúðaraðila hans ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og tvo mánuði á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka. Leigutekjur og hvers konar styrkir og hlunnindi telst til tekna.

Þó skulu húsaleigubætur, vaxtabætur, og greiðslur vegna barna ekki teljast til tekna.

Miða skal við heildartekjur fyrir skatta.

Endurgreiðslur ofgreiddra skatta teljast ekki til tekna, enda ekki tekið tillit til skattaskulda eða annarra skulda einstaklinga við útreikning á fjárhagsaðstoð.

18. gr.

Við útreikning á fjárhagsaðstoð skal taka mið af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði til eigin nota/jörð sem búið er á.

Sé um aðrar eignir að ræða, s.s húsnæði, peninga, eða sumarbústað, skal félagsmálaráð fjalla sérstaklega um málið og umsækjanda skal að jafnaði vísað á almenna lánafyrirgreiðslu þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

19. gr.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka/sambúðaraðila námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

IV. KAFLI

Heimildir til fjárhagsaðstoðar vegna sérstakra aðstæðna.

20. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna en tekið skal mið af fjárþörf viðkomandi einstaklings eða fjölskyldu undanfarna þrjá mánuði.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna í eftirtöldum tilvikum:

1. Greiðsla hluta aðstoðarþega vegna félagslegrar heimaþjónustu skv. gjaldskrá heimaþjónustu.
2. Greiðsla liðveislu vegna fatlaðra og greiðsla kostnaðar við framkvæmd liðveislu.
3. Greiðsla vistgjalds og/eða vasapeninga á meðferðarstofnun, áfangastöðum og hliðstæðum stofnunum eftir að dvöl á meðferðar- og sjúkrastofnun lýkur. Vasapeningar skulu taka mið af sjúkradagpeningum Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.
4. Greiðsla sem er nauðsynleg til að tryggja öryggi eða velferð barna, s.s. persónulegur ráðgjafi, sumardvöl, viðtöl við sálfræðing, íþróttá- eða tómskundastarf o.fl.
5. Greiðsla lögfræðikostnaðar eða kostnaðar vegna talsmanns þegar mál sæta meðferð skv. 46. grein laga nr. 58/1992 með síðari breytingum um vernd barna og ungmenna.
6. Styrk til nauðsynlegra tannviðgerða fyrir öryrkja, langtímaatvinnulausa, eða þá sem átt hafa í miklum félagslegum erfiðleikum.
7. Fæðingarstyrkur sem nemur 50 % af grunnaðstoð til einstaklings.
8. Fermingarstyrkur sem nemur 50 % af grunnaðstoð til einstaklings.
9. Jólstyrkur sem nemur 30 % af grunnaðstoð miðað við fjölskyldustærð.
10. Greiðsla skólakostnaðar fyrir ungmenni 16-20 ára, sem búa við erfiðar fjárhagslegar og/eða félagslegar aðstæður. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heima byggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.
11. Útfararkostnaður þegar eignir eru ekki til staðar í dánarbúi og ættingjar geta ekki séð um greiðslu kostnaðar.
12. Greiðsla á viðtölum hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum, sálfræðingum eða öðrum meðferðaraðilum, sem lið í umfangsmeiri aðstoð fyrir:
 - a) einstaklinga sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
 - b) einstaklinga eða fjölskyldur sem orðið hafa fyrir alvarlegum áföllum.
13. Öðrum þeim tilvikum er að mati félagsmálaráðs rúmast innan ákvæða I. kafla.

21. gr.

Heimilt er að veita umsækjanda lán eða styrk til greiðslu skulda, þegar einstaklingur eða fjölskylda hefur lent í verulegum áföllum, s.s. veikindum eða öðru sem hefur orsakað tekjutap, eða um er að ræða langvarandi félagslega erfiðleika.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana og notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggja fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

Lán kemur því aðeins til útborgunar að gengið hafi verið frá tryggingu í samræmi við samþykktir, þ.e. með skuldabréfi, veðskuldabréfi eða öðrum tryggilegum hætti.

Komi í ljós að lántakandi er ekki fær um að endurgreiða lán, eins og tilgreint er í greiðsluskilmálum, getur félagsmálaráð breytt greiðsluskilmálum eða breytt láni í styrk.

V. KAFLI

**Málsmeðferð sbr. ákvæði stjórnáskýslulaga nr. 37/1993
og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

22. gr.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsmálaráði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félagsmálaráð skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

23. gr.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

24. gr.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í félagsmálaráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

25. gr.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

26. gr.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

27. gr.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

28. gr.

Þegar félagsmálastjóri tekur ákvörðun um fjárhagsaðstoð skv. 11. gr., skal hann kynna umsækjanda niðurstöðu sína tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálaráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

29 gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru á grundvelli 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 12. júlí 2004 að fengnum tillögum frá félagsmálaráði og taka gildi þegar í stað.

Hvammstanga, 8. september 2004.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Húnaþings vestra.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Hleina að Langeyrmölum“ íbúðir aldraðra við Herjólfsgötu.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 15. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hleina að Langeyrmölum“ í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Hleina að Langeyrmölum“ lóð fyrir spennistöð við Herjólfsgötu.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 15. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hleina að Langeyrmölum“ í Hafnarfirði.

Farið var með breytingarnar samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. september 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir Þorlákshöfn árið 2004.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Þorlákshöfn er sett samkvæmt heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 samanber bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að Þorlákshöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar samanber 3. gr. 5. tölulið hafnalaga.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á öll gjöld.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasambýkktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til Þorlákshafnar ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestagjald kr. 7,80 á mælieiningu samkv. 2. gr. en þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju skal greiða kr. 4,60 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Innland fiskiskip þó eigi oftari en 13 sinnum í mánuði.

Lágmarksgjald bátar 20 bt. og stærri kr. 5.600 á mánuði. Lágmarksgjald bátar 20 bt. og minni kr. 3.700 á mánuði.

Lægsta gjald fyrir hverja komu til hafnarinnar skal vera kr. 2.800. Leiga á stæði við flotbryggju kr. 6.800 á mánuði.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir (transit flutningur) skal greitt eitt vörugjald.

7. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda/rekstraraðila. Farþegar, bifreiðar þeirra og farangur eru undanþegnar vörugjaldi.

8. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengsskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp var gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

9. gr.

Vörur undanþegnar vörugjaldi eru:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 104,13 fyrir hvert tonn:
Vikur, möl og önnur jarðefni.
2. fl.: Gjald kr. 208,25 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluölfur, laust korn, salt, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
3. fl.: Gjald kr. 334,00 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
4. fl.: Gjald kr. 432,75 fyrir hvert tonn:
Annar flutningur en sá sem getið er í 1. fl., 2. fl. og 3. fl.
Lágmarksgjald er kr 142.
5. fl.: Gjald 1,28%.
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis 0,64%.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu.
Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.
Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Þegar afli er fluttur út í gánum, sér sá sem sér um útflutninginn um innheimtu aflagjalds og er ábyrgur fyrir því þótt hann vanræki innheimtu þess.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hafnsögugjald.

11. gr.

Hver ferð kr. 3,80 fyrir hverja mælieiningu skips. Lágmarksgjald kr. 5.700.
Hafnsaga fast gjald fyrir ferð skips kr. 2.250.

Þjónusta dráttarbáts.

12. gr.

Aðstoð við skip innan hafnar, hvert skipti kr. 13.000. Öryggisfylgd Ölvers í eða úr höfn kr. 6.500. Flutningur hafnsögumanns, hvert skipti kr. 10.200.

Innanhafnarþjónusta á klst. kr. 16.500. Ýmis þjónusta utan hafnar á klst. kr. 21.100.

Aðstoð við skip og báta:

- | | |
|--|------------|
| 1. Fyrir báta sem eru undir 100 brl. að stærð. | |
| Grunngjald | 88.579 kr. |
| Fyrir hverja rúmlest 20-70 brl. | 1.567 kr. |
| Fyrir hverja rúmlest 71-100 brl. | 2.453 kr. |

Að auki greiðist tímagjald fyrir þann tíma er aðstoðin tekur. Tímagjald er kr. 22.438 á klst. fyrir báta að 26 brl. hvort heldur er í lausakeyrslu eða drætti. Fyrir báta 26 brl. og stærri greiðist kr. 22.438 í lausakeyrslu og kr. 28.242 fyrir báta í drætti.

Fjárhæðir samkvæmt tölulíð 1 skulu breytast mánaðarlega í samræmi við lánskjaravísitölu á hverjum tíma. Grunnvísitala er 4.632 stig, þ.e. vísitala ágústmánaðar 2004.

2. Fyrir skip 100 brl. og stærri.

Fyrir skip sem eigi komast til hafnar fyrir eigin vélarafli en eru þó ekki í yfirvofandi hættu, fer um greiðslur eftir samkomulagi frá 16. september 1987 milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar.

Fjárhæðir tonna- og tímagjals fylgja lánskjaravísitölu og var hún 4.632 stig í júlí 2004.

Önnur ákvæði.

1. Þegar beðið er um aðstoð hafnarbátsins utan dagvinnutíma, skulu reiknaðar minnst tvær klst. sem leigutími fyrir bátinn.
2. Allt að fjórir menn eru í áhöfn hafnarbátsins.
3. Fyrir skip sem eru í yfirvofandi hættu skal þóknun ákveðin af hafnarstjórn hverju sinni.
4. Dráttarbátur hafnarinnar er í þjónustu og ábyrgð þess skips er þeir aðstoða frá því þeir taka við fyrirmælum stjórnenda skipsins er aðstoðar nýtur og þar til fyrirmæli eru gefin um að aðstoð sé lokið.

Festargjöld.

13. gr.

Festargjald fyrir mann í dagvinnu kr. 2.205. Festargjald I, fyrir mann í eftirvinnu kr. 5.780. Festargjald II, fyrir mann í eftirvinnu kr. 11.560. Hafnarvörður, yfirvinna kr. 2.890 á klst.

Sorpgjöld.

14. gr.

Bátar < 10 bt. á mánuði kr. 340. Bátar 10-100 bt. á mánuði kr. 1.160. Skip og bátar > 100 bt. á mánuði kr. 2.400. Hreinsun og akstur með rusl kr. 4.900. Hreinsun á bryggju dagvinna kr. 2.205.

Rafmagn.

15. gr.

Rafmagn til skipa hver kwst. kr. 6,65. Rafmagn almenn notkun hver kwst. kr. 9,31.

Rafmagn til frystigáma hver kwst. kr. 8,96. Tengigjald kr. 1.220. Útkall afgreiðsla rafmagns, utan dagvinnutíma kr. 5.780. Skilagjald rafmagnsmælir kr. 30.000.

Vatnsgjöld.

16. gr.

Vatn hvert tonn kr. 144. Afgreiðslugjald yfirvinna kr. 5.780.

Fast mánaðargjald skip og bátar < 10 bt 5 tonn vatn.

Fast mánaðargjald skip og bátar 10-100 bt 15 tonn vatn.

Fast mánaðargjald skip og bátar > 100 bt. 25 tonn vatn.

Vogargjöld.

17. gr.

Vogargjald pr. tonn kr. 86,10. Vogargjald fiskmarkaðir, jafnaðargjald kr./tonn 199,00. Skráningargjald fyrir skráningu í Lóðsinn kr. 43,05. Vogargjald lágmarksgjald kr. 740. Yfirvinna á hafnarvog pr. klst. kr. 2.890.

Yfirvinna innheimtist aukalega frá kl. 19.00 til kl. 07.00 og um helgar svo og á helgidögum og skiptist milli aðila ef unnið er fyrir fleiri en einn samtímis, útkall er 4 klst. Fiskmarkaðir greiða ekki yfirvinnu heldur jafnaðargjald.

Önnur þjónustugjöld.

18. gr.

Kranaleiga hvert skipti kr. 520. Kranagjald hámark á mánuði kr. 5.200. Skilagjald vegna kranalykils kr. 2.205.

Leigugjald innan tollvögrirðingar kr. 20,00 m² á mánuði og kr. 10,00 m² á útisvæði Tengigjald vegna ferjubrúar kr. 2.250 fyrir hverja ferð.

Farþegagjald.

19. gr.

Farþegagjald skal innheimt af farþegum skemmtiferðaskipa og skemmtibáta sem hafa afnot af hafnaraðstöðu Þorlákshafnar.

Gjaldið verður kr. 200 fyrir hvern farþega og innheimtist frá og með 1. janúar 2005.

Hafnaverndargjald.

20. gr.

Af hverju skipi, sem leggst við verndaða hafnaraðstöðu skal greiða sérstakt öryggisgjald. Gjaldið er kr. 15.000 á hvert skip. Fyrir öryggisvöktun skal greiða tímagjald kr. 2.205 fyrir hvern öryggisvörð í dagvinnu og kr. 2.890 í næturvinnu. Lágmarkstími er 4 klst.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

21. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum verða reiknaðir hæstu lögleyfðu dráttarvextir á skuldina.

22. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra er greiða ber Þorlákshöfn vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnarmál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

23. gr.

Vörugjöld af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

24. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Þorlákshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallina gjalda ef ástæða þykir til.

25. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Þorlákshöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

26. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Þorlákshöfn er samþykkt af hafnarstjórn Þorlákshafnar 12. ágúst 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnarmál nr. 326/2004 og staðfest í bæjarstjórn Ölfuss 26. ágúst 2004. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Ölfusi, 27. ágúst 2004.

F.h. hafnarstjórnar Þorlákshafnar,

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss.

REGLUR

um nám í mjólkuriðn.

1. gr.

Fræðslunefnd í mjólkuriðn.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefnd í mjólkuriðn sem ætlað er að hafa umsjón með námi nemenda í mjólkuriðn eins og nánar greinir í reglum þessum. Fræðslunefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir að fenginni tillögu starfsgreinaráðs matvæla- og veitingagreina og skulu þeir að jafnaði hafa lokið meistara- og sveinsprófi í mjólkuriðn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann.

2. gr.

Undirbúningur náms.

Við upphaf náms í mjólkuriðn skal nemi vera orðinn fullra 16 ára og hafa lokið skyldunámi og staðist inntökuskilyrði starfsnámsbrauta framhaldsskóla samkvæmt reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla eða hafa lokið annarri hliðstæðri menntun. Nemi skal fara á námssamning hjá mjólkursamlagi skv. heimild fræðslunefndar og starfa þar undir handleiðslu meistara. Fræðslunefnd í mjólkuriðn staðfestir námssamninga í iðninni samkvæmt heimild í sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið.

3. gr.

Námstillöggun.

Námstími er fjögur ár, þar af eru 16 mánuðir bóklegt nám. Reynslutími skv. náms-samningi er þrjú mánuðir og á þeim tíma er samningurinn uppsegjanlegur án fyrirvara. Í verklegum hluta námsins skal nemandi afla sér fjölbreyttrar starfsþjálfunar hjá mjólkur-samlagi, einu eða fleirum, í samráði við fræðslunefnd. Í 5. gr. námssamnings skal getið um vinnustaðaskipti. Meistari skal tryggja að nemi kynnist starfinu þannig að hann sé að námi loknu fær um að vinna sjálfstætt við öll algengustu störf innan mjólkursamlaganna. Að öðru leyti fer um gerð námssamninga í mjólkuriðn eftir reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun, nr. 280/1997.

4. gr.

Bóklegt nám.

Bóklegt nám í mjólkuriðn fer fram á vegum fræðslunefndar í mjólkuriðn í Danmörku (*Mejeribrugets uddannelsesudvalg*) á grundvelli þarlendrar námstillöggunar.

5. gr.

Sveinspróf.

Nemar í mjólkuriðn ljúka námi og gangast undir sveinspróf í iðn sinni við *Dalum Tekniske Skole*. Sótt skal um útgáfu sveinsbréfs í mjólkuriðn til menntamálaráðuneytisins sem veitir umsögn til iðnaðarráðuneytisins að fenginni umsögn fræðslunefndar í mjólkuriðn. Ef árangur á sveinsprófi telst fullnægjandi að mati menntamálaráðuneytisins gefur iðnaðarráðuneytið út sveinsbréf í mjólkuriðn til viðkomandi.

6. gr.

Meistaránám.

Meistararéttindi í mjólkuriðn er heimilt að veita þeim sem lokið hefur tveggja ára námi við *Dalum Tekniske Skole* sem „*Procesteknolog med speciale i Mejeridrift*“ eða sambærilegu

námi og hefur jafnframt unnið undir stjórn meistarara í mjólkuriðn í a.m.k. eitt ár sbr. 10. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 29. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 2004.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag landspildunnar Eyvindaholt 1, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness í umboði bæjarstjórnar þann 19. ágúst 2004 deiliskipulag landspildunnar Eyvindaholt 1, Álftanesi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 9. september 2004.

Gunnar Valur Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Austurveg í Hrísey.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur þann 23. júlí 2003 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga. Breytingin, sem sett er fram á uppdrætti dags. 30. nóvember 2002, felst einkum í breyttri lóðaskipan og færslu götunnar Búðartanga til austurs. Gert er ráð fyrir nýrri lóð, nr. 14 við Austurveg.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 9. september 2004.

F.h. Akureyrarkaupstaðar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag frístundalóðar nr. 9000-1080 við Krókatjörn í landi Miðdals.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundalóðar nr. 9000-1080 við Krókatjörn í landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 18. ágúst 2004.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskrárn. 9000-1080, sem er 5,6 ha að stærð úr landi Miðdals við Krókatjörn. Í deiliskipulaginu eru þrjár lóðir sameinaðar í eina og hús rífin. Jafnframt er heimilt að reisa 110 m² frístundahús og 20 m² geymsluhús. Spildan er á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint frístundabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 15. september 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Seljahverfi, Staðarsel 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 31. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Staðarsel 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hálsahverfi, Hestháls 2-4 og 6-8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 31. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hestháls 2-4 og 6-8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. september 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

